

sögulegir textar og hugsanlega hefði verið betra hjá höfundum að skrifa ein-vörðungu sjálfssögu sem sýndi Einar Olgeirsson með hennar augum frá upphafi til enda.

Ingibjörg Sigurðardóttir

Guðni Th. Jóhannesson, ÓVINIR RÍKISINS. ÓGNIR OG INNRA ÖR-
YGGI Í KALDA STRÍÐINU Á ÍSLANDI. Mál og menning. Reykjavík
2006. 411 bls. Aftanmálsgreinar, myndar-, heimilda- og nafnaskrá.

Allt frá fyrirlestri Guðna Th. Jóhannessonar á þriðja íslenska sögubúningnum í maí árið 2006 hefur umræða um hleranir og öryggi í kalda stríðinu verið áberandi í fjölmiðlum enda varð fjötlega ljóst að hér var um hita- og tillinn- ingamál að ræða. Það er reglulega ánægjulegt að fylgjast með því þegar rannsóknir fræðimanna ná athygli fjölmiðla og almenningu, en sökum þess hversu tímarekar sagnfræðirannsóknir oftast eru þá er sjaldgæft að sagn- fræðingar nái að halda í við samtímaumræðuna. Guðna tókst nokkuð sem fáum fræðimönnum tekst — rúmlega hálfu ári eftir fyrirlesturinn gaf hann út ítarlega og vandaða rannsókn og lagði þannig lóð á voparskjalur samtímaumræðunnar, en þegar þetta er ritað, í ársbyrjun 2007, sér ekki fyrr- endann á umræðunni um öryggismál í kalda stríðinu.

Afraksturinn er bókin *Óvinir ríkisins. Ógnir og innra öryggi í kalda stríðinu á Íslandi* en þó svo að nýjungargildi bókarinnar liggja helst í alþjópunum á símahlerunum, sem leyfðar voru á ögurstundum að mati handhafa ríkis- valdsins, eru hleranir langt í frá aðalumföllunarefni hennar. Bókinni er frekar ætlað að vera nokkurs konar umgjörð um þau sex hlerunarmál sem Guðni afhjúpaði, útskýra þau og selja símahleranirnar í samhengi við að- staðbur og andrúmsloft hverju sinni. Hér er þannig komið heildstæðasta yf- irllit sem við nú eigum yfir aðgerðir gegn mótmælum, andófi og „akapó- um“ ýmsum á Íslandi frá lokum síðari heimsstyrjaldar til loka aðasta- þorskastríðsins árið 1976. *Óvinir ríkisins* hefst reyndar á stuttu yfirriti við óeirðir og uppreisnir á Íslandi og ber þar hæst drengsmálið árið 1921 og Gúttósláginum árið 1930. Færa mætti rök fyrir því að áhugavert hefði verið að fara nær okkur í tíma og skoða t.d. viðbúnað lögreglu og íslenskra sjónrvalda vegna leiðtogaftundar Reagans og Corbatsþjóns á Íslandi árið 1986, en Guðni tók þá ákvörðun að láta þriðjafni ára reglu þjóðskjalasafnsins um heimildir er varða öryggi og varnir þjóðarinnar stýra því hvernig sam- sökin endaði og með tilliti til þess að *Óvinir ríkisins* er fyrst og fremst sögd út frá sjónarhóli ríkisvaldsins þá er þessi ákvörðun Guðna bæði skiljanleg og skynsamleg.

Guðni leitaði víða fanga í þessari rannsókn sinni og hefur góð tæk á þe- lenskum eftirheimildum er málið varða. Hann dregur líka ýmislegt við

fram í dagljósið og það var gaman að lesa söguna af því hvernig skjalið sem verður kveikjan að bókinni ratar óvænt upp í hendurnar á honum og leiðir hann út í þessa rannsókn. Ástríðna höfundar fyrir rannsóknunum og elt- ingartleikumni við heimildirnar kemur barna vel fram því hann læstur ekki næsta árangurslausar tilraunir í upphafi aftra sér frá því að halda út á þessa braut. Fyrir utan skjöl Sakadóms Reykjavíkur um heimildir til símahlerana fannst mér einnig sérstaklega áhugavert að sjá hversu dýrmæt skjöl leynast í Borgarskjalasafni, t.d. í gögnum Lögreglunnar í Reykjavík og einkagögn- um þeirra Péturs Kristinssonar, forstöðumanns öryggisþjónustu lögregl- unnar, og Guðmundar Ásbjörnssonar, vinar og nággranna Péturs, enda er bókin öðrum þræði saga lögregluáðgerða sem ekki fóru alltaf hátt. Að auki nýttist það Guðna að hann hefur unnið ítarlegar rannsóknir á landhelgis- deilum Íslendinga og hann þekkir frumheimildir um stjórnmálasögu tíma- bilans greinilega mjög vel.

Guðni vinnur vel úr heimildum sínum, hann er gagnrýninn á þær og gerir grein fyrir túlkunarerfiðleikum og því hvað það er almennt viðkvæmt að skrifa um „rétt og rangt í kalda stríðinu“ eins og hann orðar það sjálfur (bls. 28). Kalda stríðið verður alltaf erfið viðfangs því sitt sýnist hverjum um gang þess og eðli, en Guðni tók viðtöl við tuttugu og fimm nafngreinda einstaklinga og einhverja ónafngreinda til viðbótar. Augljóst er að allir heimildamenn Guðna hafa rætt við hann löngu eftir þá atburði sem um er rætt, og fjölmargu gafu einnig sína útgáfu af sögunni eftir að hlerunarmál- ið komst í fjölmiðla en sú umræða hlýtur að hafa lítað skoðanir og ummæli þeirra sem fjáðu sig um málið. Engu að síður er framburður viðmælanda oft áhugaverður og gagnrýnir lesendur geta nýtt sér hann, og jafnframt fjöl- miðlaskrif um bók Guðna og söguskoðanir þær sem þar koma fram, sem heimild um í hvaða farvegi umræðan um kalda stríðið er á Íslandi við upp- haf 21. aldar.

Leikendur og gerendur samtímasögunnar þurfa að geta treyst sagn- fræðingum til að fara vel með sögu þeirra og að sama skapi verða sagn- fræðingar að geta skrifað söguna án þess að gera lítið úr viðmælendum sínum eða slúðra um þá. Guðni er viðfangsefnum sínum góður; hann heldur t.d. nafnleyni þegar um er að ræða sakamann sem nafngreindir eru í skrif- legum heimildum og að sjálfsögðu þegar viðmælendur hafa óskað þess. Að minnu mati er aðferðafræði Guðna og meðferð heimilda til fyrirmyndar, innsláttarvillur og mistök í tilvísanakerfi rýra alls ekki gildi bókarinnar — annað eins og meira til hefur sést í bókum sem mun lengri tíma hafa tekið tilvinstu en *Óvinir ríkisins*.

Óvinir ríkisins fjallar um ólta, möguleika og vanmátt íslenska ríkisins gegn ómynndubum og raunverulegum aðgerðum andstæðinga sinna. Þessir andstæðingar falla flestir á einhverjum hátt undir merkimíðann „sósíalistar“, en allt frá umræðum um Keflavíkursamninginn haustið 1946 til stúdenta-

mótmælanna á sjöunda áratugnum voru óvinir íslenska ríkisins aðallega þeir sem gagnrýndu tengslin við Bandaríkin og Atlantshafsbandalagið. Þeir voru oft uppfirðir „kommar“ og margir óttuðust að íslenskir vinstri menn væru að skipuleggja byltingu á Íslandi með Alþýðulýðveldið Ísland að takmarki. Ófti andstæðinga sósíalista fékk á sig raunverulegri mynd eftir atburðina 30. mars 1949 og upp frá því tók stefna yfirvalda mið af því að koma í veg fyrir að þessir „kommar“ myndu á einhvern hátt trufla starfsemi þingsins, raska ró erlendra gesta eða almennt spilla ímynd Íslendinga sem fróðseillar og lýðræðislegar þjóðar.

Þar sem leiðarstef bókarinnar er þessi tvískipting milli íslenska ríkisins og óvina þess er ekki úr vegi að dvelja aðeins við þá hagsmunum og hvata sem lágu að baki ákvörðunum og aðgerðum ríkisins annars vegar og óvina þess hins vegar. Hagsmunir ríkisins eru frekar augljósir: ríkið bar ábyrgð á að vernda borgarana og lýðræðið, að þingið fengi að starfa óhindrað og að erlendir gestir væru öruggir og óáreittir á íslenskt grund. Á tímum kalda stríðsins tóldu handhafar ríkisvaldsins að þessum hagsmunum, þ.e. öryggi ríkisins í sem víðastri merkingu, væri best borgið þannig að Ísland tæki þátt í Atlantshafssamstarfinu og að hér væri herstöð. Þeir sem ekki voru þessu samþykkrir voru á einu eða annan hátt, á einu eða öðru tímabili, skilgreindir sem óvinir ríkisins og víkur nú sögunni að þeim.

Óvinir ríkisins er hugtak sem hingað til hefur ekki mikið verið notað í íslenskt sögurat. Við þekkjum þó svipuð hugtök, t.d. úr frægu leikriti Henrik Ibsens *Fjármáður fólksins* (n. *En folkefiende*), en kannski helst frá Sovétríkjunum sálugu þar sem hugtakið óvinur þjóðarinnar (t. *vrag naroda*) var á mismunandi tímum notað um mismunandi þjóðfélagsþópa. Í Sovétríkjunum voru óvinir ríkisins ofsóttir af yfirvöldum, sviptir borgaralegum réttindum og jafnvel dæmdir til fangavistar að ósekju. Guðni notar hér hugtakið almennt til að lýsa breiðum hópi fólks og hreyfinga sem ógn var talin stafa af í kalda stríðinu. Óvinirnir voru þannig af ýmsum toga og til sögunnar eru nefndir forystumenn í verkalyðshreyfingunni, félagar í *Æskulýðsfylkingunni*, ritsjórar *Þjóðviljans*, útgáfusjórar *Máls* og menningar, félagar í MÍR, róttækir námsmenn, hermámsandstæðingar, herstöðvaandstæðingar og svo mætti áfram telja. Þó svo að bókartillitun gefi ákveðið fyrirheit um að fjallað verði um þessa hópa er kannski nær lagi að segja að *Óvinir ríkisins* fjalli um öryggi ríkisins gagnvart þessum borgurum, enda mikið verk að rekja sögu þessara ólíku hreyfinga og einstaklinga.

Það er helst í síðasta kafla bókarinnar, sem fjallar um tímabilið 1968–1976, að Guðni gefur þessum óvinum sameiginlega merkimíða. Sé lititö yfir það sem þegar hefur verið skrifað um þessa sögu á Íslandi þá hefur alltaf reynst auðveldast að merkja „villta vinströð“ einhvers konar andófi eða mótmælu. Andóf ber oft með sér eitthvert skipulag og tímabilið upp úr 1968 ber vissulega keim af hreyfingum sem skipulögðu mótmæli eða andóf — þó Guðni lýsi því líka vel hvernig skipulagsleysi emkenndi

t.d. *Æskulýðsfylkinguna* — en fram að þeim tíma er ekki eins mikið vitað um sanuráð og skipulag „óvinanna“ og því kannski erfiðara að flokka þá. Við vitum þó núna að yfirvöld sáu ástæðu til að hlera síma hjá völdum óvinum þegar mikið lá við og héldu um þá spjaldskrá sem því miður hefur ekki varðveist.

Óvinir ríkisins stendur fullkomlega undir sér sem frásögn um ótta og öryggi gagnvart þessum mismunandi hópum, en mið langar samt til þess að skoða hér hvaða verkefni biða þeirra sagnfræðinga sem halda áfram að skoða þessa sögu. Þar sem bók Guðna er sögð út frá sjónarhóli ríkisins en ekki óvinanna koma hagsmunir þeirra alls ekki eins skýrt fram. Forvitni-legt væri að reyna að skilja betur hvaða hvatar lágu að baki aðgerðum og andófi. Hvað fólst t. d. í því að vera „samfærður sósíalisti“ (bls. 61) eða að hafa „tíleinkað sér „hina einu sönnu trú á sósíalismann og fólkið í heiminum““ (bls. 64)? Forystumenn íslenskra sósíalista voru „allt of leiðtámar“ Stalín og „fyrirmyndarfrkinu“ í austri“ (bls. 65) en að sama skapi fannst sendiráðsmörnum Sovétríkjanna hér á landi ekki mikið til þeirra koma (bls. 63) og þeir voru of þjóðernissinnaðir fyrir Moskvu (sbr. rannsóknir Jóns Ólafssonar). Hvað lá þessu fólki eiginlega á hjarta? Hverjir voru hagsmunir þessara hópa og hreyfinga? Hvernig tengdust hagsmunir þeirra hræringum í Sovétríkjunum og víðar?

Það hefur reynst mjög erfitt, sérstaklega eftir að gjaldþrot sósíalismans kom í ljós, að skilja hvað það var sem fékk menur til fylgis við hann. Vissulega lá óvinum ríkisins meira á hjarta en bara óeirðir og andóf; þeir trúðu á annað sjónrúpskipulag sem átti að færa verkalyðnum og alþýðunni frekari völd og greiðari aðgang að menntun og efnislegum gæðum. Þannig biður sagnfræðinga það mikla verk að skoða hvernig hugmyndafraeði íslenskra sósíalista þróaðist og setja hana í sambengi við erlendar jafnt sem innlend- ar stefnur og strauma. Efnid er erfitt viðfangs en ég leyfi mér að vona að sagnfræðingar sjái nauðsyn þess að taka þátt íslenskra sósíalista í sjóm- málasögu landsins alvarlega, því að það „að afgreiða þá með háði og spotti, eða afneita þeim, er létt verk, en þjónar engum tilgangi“ (*Enginn er eyland*, bls. 15). Svo ritaði Kristinn E. Andrússon, einn „óvina ríkisins“ (sími hans var hleraður alls þrisvar skv. rannsóknum Guðna) um rauða penna, en ég leyfi mér að yfirfæra orð hans á íslenska sósíalista almennt því alveg eins og okkur ber að taka ótta ríkisins alvarlega ber okkur að reyna að skilja hugsjónir og hagsmunum óvina þess.

Þó að gaman hefði verið að fá meiri innsýn í heim þessa hugsjónafólks er bók Guðna góðra gjalda verð sem saga öryggismála á Íslandi enda þykist hún ekki vera neitt annað. *Óvinir ríkisins* gefur þó einnig gott yfirlit yfir íslenskan aktívísma í sem víðustum skilningi enda er sú saga nú í fyrsta sinn sett saman á heildrænan hátt svo úr verður spennandi frásögn. Hættan við bækur sem finna leið inn í samtímaumræðuna er oft sú að þær gleymist hratt og séu ekki lesnar eftir að fjölmiðlar hafa sruíð sér að næsta

máli. *Óvinnir ríkisins* er ekki þannig bók. Hún er vönduð sagnfræðirannsókn og nauðsynleg lesning öllum þeim sem hyggjast fjalla um Ísland og kalla stríðið af einhverju viti — sama frá hvaða sjónarhorni það verður — og Guðni á mikilið lof skilið fyrir þessa læsilegu og áhugaverðu bók.

Rósa Magnúsdóttir